

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfirði.

Nýtt deiliskipulag fyrir „Norðurbakka“ í Hafnarfirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 8. febrúar 2005 nýtt deiliskipulag fyrir „Norðurbakka“ í Hafnarfirði. Deiliskipulagið felur í sér breytingu á landnotkun úr hafnarsvæði í íbúðarsvæði með þjónustu og stofnunarlóð. Farið var með breytinguna samkv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun. Breytingin öðlast þegar gildi.

Breyting á skipulagsmörkum deiliskipulags miðbæjar Hafnarfjarðar frá 1983.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 19. apríl 2005 breytingu á skipulagsmörkum deiliskipulags miðbæjar Hafnarfjarðar frá 1983. Breytingin felst í að mörk skipulags frá 1983 verði flutt í samræmi við skipulag á Norðurbakka og skipulag miðbæjar 2001. Farið var með breytinguna samkv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar, 28. apríl 2005.

Bjarki Jóhannesson sviðsstjóri.

GJALDSKRÁ

fyrir holræsagjald í Breiðdalshreppi.

1. gr.

Hverjum þeim sem á hús, húshluta, lóð, jörð eða aðra fasteign í Breiðdalshreppi eða leigir slíka eign sem holræsi hefur verið lagt í og tengt er fráveitu í eigu sveitarfélagsins ber að greiða árlegt holræsagjald til sveitarsjóðs.

2. gr.

Upphæð holræsagjalds skal vera 0,20% af fasteignamati allra húsa og lóða, samkvæmt lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 94/1976, með síðari breytingum.

3. gr.

Sé ekkert mannvirki á lóðinni eða mannvirki eru ekki tengd fráveitu í eigu sveitarfélagsins greiðist ekkert holræsagjald. Holræsagjald skal greiða frá og með fyrsta heila almánsári eftir að bygging er fókheld.

4. gr.

Holræsagjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda ef um eignarlóð eða eignarland er að ræða, en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða, og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins.